



Innviðaráðuneytið
skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Efni: Reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga

Vísað er til umsagnarbeiðni um drög að reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga sem birt hefur verið í Samráðsgátt. Umsögn Reykjavíkurborgar er unnin af skrifstofu borgarstjórnar sem hefur umsjón með framkvæmd allra almennra kosninga í Reykjavík og er þakkað fyrir tækifærið til að koma athugasemdum á framfæri.

Við vinnslu frumvarps sem síðar varð að kosningalögum nr. 112/2021 skilaði Reykjavíkurborg ítarlegum umsögnum á hinum ýmsu stigum, sjá umsögn dags. 29. apríl 2020, umsögn dags. 20. janúar 2021, minnisblað til stjórnskipulags- og eftirlitsnefndar dags. 27. maí 2021 og að lokum athugasemdir vegna áforma um breytingar á kosningalögum dags. 29. júní 2022. Reglulega var komið á framfæri ýmsum athugasemdum, m.a. við það að lögin næðu ekki til íbúakosninga og er það hér með ítrekað. Þá er einnig tekið undir áður birtar umsagnir um málið frá Þjóðskrá Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, KPMG og Þroskahjálpar.

Vart verður hjá því komist að minnast á misvísandi skilaboð frá löggjafanum um kosningamál þessi dægrin. Nýverið var samþykkt löggjöf sem gildir um allar aðrar kosningar en íbúakosningar en í gildandi kosningalögum er rafræn kjörskrá meginregla. Í þeim reglugerðardrögum sem hér liggja fyrir er miðað við notkun prentaðrar kjörskrár. Þá hefur dómsmálaráðherra nýverið birt skýrslu um póstkosningar á grundvelli bráðabirgðaákvæðis í lögum nr. 112/2021 þar sem virðist ekki vera mælt með póstkosningu, en í reglugerðardrögunum sem hér eru til umfjöllunar er gert ráð fyrir póstkosningu með sambærilegu sniði og var upphaflega lagt til í undirbúningi kosningalaga en var fellt út á síðari stigum.

Almennt vill Reykjavíkurborg einnig koma þeirri athugasemd á framfæri að nauðsynlegt er að vinna reglugerðardrögin betur og samræma þau gildandi kosningalögum.

Á þessu stigi eru gerðar eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar reglugerðardraganna:

Í 2. gr. er fjallað um reglur sveitarfélaga um íbúakosningar. Reykjavíkurborg leggur til að reglur sveitarfélaga um íbúakosningar verði staðfestar af Landskjörstjórn eða ráðuneyti sem



taki að sér samræmingarhlutverk og hafi eftirlit með því að reglurnar séu í samræmi við ákvæði laga. Þetta er lagt til í ljósi þess að sveitarfélög eru bæði mörg og ólík að vexti.

Í 3. gr. er fjallað um kosningarrétt en í greininni segir: „Rétt til þátttöku í íbúakosningu sveitarfélaga eiga þeir sem kosningarrétt eiga í sveitarfélagi...“. Þarna þyrfti að bæta við ákveðnum greini eða finna aðra leið til að skerpa á því að hér er átt við tiltekið sveitarfélag.

Í 6. gr. a. er fjallað um kröfur um gerð og fjölda kjörseðla við bindandi kosningar en ekki er að finna í ákvæðinu sambærilegar leiðbeiningar um seðla við aðrar kosningar.

Í 6. gr. b. er fjallað um kjörgögn við póstkosningu en lagt er til að setningin „Þegar atkvæðaseðill er sendur kjósenda skal nota sama atkvæðaseðil og notaður er við kosninguna.“ falli brott. Við undirbúning fyrirnefnds póstkosningakafli í lögum nr. 112/2021 var lagt til að kjörseðill við póstkosningu yrði sambærilegur við kjörseðil við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Það telur Reykjavíkurborg betra fyrirkomulag.

Að því er varðar 6. gr. c. vísar Reykjavíkurborg til fyrri athugasemda sinna um gerð kjörkassa, æskilegt væri að hægt væri að notast við léttari og staflanlega kjörkassa, t.a.m. úr plasti.

Í 8. gr. a. kemur fram leitast skuli við að fjöldi kjörstaða og opnunartími sé í samræmi við fjölda íbúa og vegalengda innan sveitarfélagsins. Þetta þarf að skýra nánar, við hvað á að miða?

Að því er varðar 8. gr. c. er tekið undir framkomnar athugasemdir Þjóðskrár Íslands um að þessi liður sé illskiljanlegur og þarfnist breytinga og/eða frekari skýringa.

Í 8. gr. d. er fjallað um auglýsingu sveitarfélags. Fyrir í drögunum kemur fram að það sé kjörstjórnar að birta auglýsingu. Þarna þarf að samræma ákvæði.

Í 8. gr. f. má skerpa á orðalagi. Auðvelt er að skilja greinina svo að atkvæðagreiðsla skuli fara fram á óaðgengilegum stöðum.

Í 10. gr. A. er að finna ákvæði um votta sem er óþarft á þessum stað. Farið er yfir það í 5. tölulið neðar í sömu grein.

Í 10. gr. 5. er fjallað um votta. Lagt er til að þarna verði kveðið á um að vottar staðfesti hæfi sitt ef við á, þ.e.a.s. ef um er að ræða kosningu fyrir nefnd um hluta sveitarfélags.

Í 11. gr. j. er fjallað um skráningu kjörstjórnar á aðstoðarfólki kjósenda. Í ljósi þess að kjörstaðir vinna ekki á miðlægum grunni er ómögulegt í framkvæmd að halda skrá um aðstoðarmenn kjósenda á meðan á kosningu stendur. Slíkum upplýsingum er safnað saman eftir að kosningu lýkur.

Í 12. gr. c. er talað um misræmi í fjölda atkvæða í kassa við „kosningakerfi Þjóðskrár“. Ekki er ljóst í hvað er verið að vísa þar.

Í 12. gr. d. er lagt til að halda skuli auðum atkvæðum, ógildum atkvæðum og vafaatkvæðum aðgreindum. Lagt er til að orðalagið verði svohljóðandi: „Halda skal auðum atkvæðaseðlum, öðrum ógildum seðlum og vafaatkvæðum aðgreindum.“

Í 12. gr. c(2) (bent er á að staflidir eru rangir hér eftir innan þessarar greinar) er fjallað um niðurstöðu talningar. Rétt væri að taka fram að kjörstjórn skuli kynna niðurstöðu talningar í



heyrenda hljóði. Þá er vert að minnast á að samtala talinna atkvæða og greiddra atkvæða (þ.e. hversu mörg mættu á kjörstað) er nánast aldrei nákvæmlega sama talan.

Í 12. gr. d(2). vantar umfjöllun um hvað liggur til grundvallar – þ.e. eiginlegar forsendur ákvæðisins. Það mætti t.a.m. fjalla um hvað er gert við vafaatkvæði í flokkun, það vantar grein um að það þurfi að úrskurða um gildi vafaatkvæða. Þá er lagt til að hér komi ákvæði sambærilegt við 60. gr. laga nr. 112/2021 þar sem komi fram að sveitarstjórn skipi umboðsmenn sem hafi það hlutverk að gæta ólíkra sjónarmiða við úrlausn ágreiningsmála.

Í 12. gr. e(2) er fjallað um endurtalningu atkvæða en bent er á að hugtakið „endurtalning“ er ekki skilgreint í lögum og endurtalning hefur almennt ekki verið praktiseruð við kosningar á Íslandi. Það er óeðlilegt að endurtalning fari fram án þess að fram hafi komið kæra enda er kæruferrill sá lögbundni ferill við framkvæmd kosninga sem ráða á ferðinni. Ákvæðið virðist viðbragð við ástandinu sem skapaðist í norðvesturkjördæmi eftir síðustu alþingiskosningar en í ljósi þess að endurtalning er ekki skilgreind í kosningalögum er óeðlilegt að hún sé nefnd í reglugerð um íbúakosningar.

Í 12. gr. g(2) er fjallað um gölluð atkvæðum en ekki er alveg skýrt hverskonar atkvæði er átt við. Eðlilegt væri að tala um reglur sem gilda um ógildingu atkvæða (ef það er það sem átt er við). Þá eru lagðar til þær orðalagsbreytingar að í póstkosningu skuli atkvæði teljast ógilt ef það er ekki í *lokuðu* atkvæðisumslagi eða ef fylgibréfið er ekki *rétt útfyllt*.

Í 13. gr. er vísað til póstnúmera en þau eru almennt óheppilegur mælikvarði á afmörkun hluta sveitarfélaga.

Í 14. gr. segir: „Kjörgengi í nefnd fyrir hluta sveitarfélags er hver sá sem hefur kosningarétt í sveitarfélagi.“ Lögð er til svohljóðandi breyting: „*Kjörgengur* í nefnd fyrir hluta sveitarfélags er hver sá sem hefur kosningarétt í *sveitarfélaginu*.“ sbr. athugasemd við 3. gr. í umsögn þessari. Þá segir að mæla megi frekar fyrir um kjörgengi nefndarmanna og að fjalla skuli um réttindi og skyldur umboðsmanna en ekki kemur fram hvar skuli gera það.

Í 15. gr. b. er gert er ráð fyrir að sveitarstjórn útbúi kjörseðla sem er ekki í samræmi við 5. gr. þar sem segir að kjörstjórn geri það.

Í 15. gr. c. er eina skiptið í reglugerðinni þar sem er minnst á hvenær talning skuli fara fram og gildir það aðeins um sameiningarkosningar. Rétt væri að skýra það varðandi aðrar kosningar.

Í 16. gr. er aftur vísað í hugbúnaðarkerfi Þjóðskrár Íslands. Ekki er ljóst til hvers er verið að vísa, sjá athugasemd við 12. gr. c.

Að lokum ítrekar Reykjavíkurborg þakklæti sitt fyrir að fá aðkomu að þessari mikilvægu vinnu og undirrituð lýsa sig reiðubúin hér eftir sem hingað til til frekara samstarfs.

Virðingarfyllt,

Helga Björk Laxdal skrifstofustjóri borgarstjórnar
Hildur Lilliendahl Viggósdóttir verkefnastjóri kosninga
Bjarni Þóroddsson verkefnastjóri
Páll Hilmarsson sérfræðingur